

Fótlablað Völsungs 2018



Frá ritstjóra

Völsungur á breytingaskeiði?

Völsungur varð 91 árs á árinu sem er að líða. Félagið var stofnað 12. apríl 1927 og er óhætt að segja að allir núlifandi Húsvíkingar hafi komið að starfi félagsins með einhverjum hætti. Á þessum tíma hafa miklar framfarir orðið í íþróttastarfi á Húsavík og kröfurnar sífellt að aukast. Völsungur er orðinn leiðandi í íþrótt- og æskulýðsstarfi í sveitarfélaginu. Félagsmenn eldri en 18 ára eru ríflega 1000 og iðkendur sem stunda skipulagða hreyfingu með reglubundnum hætti um 500 talsins. Lýðheilsu- og forvarnargildi starfsins er mikið og óumdeilt.

Starf félagsins er öflugt og fjölbreytt. Boðið er upp á skipulagt starf allt frá 2-3 ára aldri til eldri borgara. Nýjasta deildin er almenningsíþróttadeild sem inniheldur hlaupahópinn Skokka og bandýhóp sem gerir starfið enn fjölbreyttara. Þar fyrir utan er boðið upp á æfingar í fíleikum, knattspyrnu, bardagaíþróttum, íþróttaskóla fyrir börn, blak, boccia, handbolta, skíðagöngu og sund svo eitthvað sé nefnt. Afreksstarfið er öflugt og er mikill metnaður bæði innan knattspyrnu- og blakdeildar. Við getum verið stolt af fólki sem er að skara fram úr í sínum greinum bæði héraendis og erlendis. Völsungur á reglulega fulltrúa í landsliðum Íslands sem er góð viðurkenning fyrir öflugt starf félagsins.

Við þurfum sífellt að vera á tánum og vanda okkur til að viðhalda kröftugu starfi félagsins, ekkert er sjálfsgagt í þeim efnum. Sjálfboðaliðar vinna óeigingjart starf í þágu félagsins og sjá oft á tíðum til þess að starfið haldist gangandi. Hjá Völsungi starfa öflugir og metnaðarfullir þjálfarar sem við getum bæði verið stolt og þakklát fyrir að hafa innan okkar raða. Það er hlutverk skrifstofu félagsins að halda utan um starfið og við þurfum ekki að líta langt aftur til að sjá hversu mikill vöxur hefur átt sér stað. Þannig var velta síðasta árs ríflega 40 milljónum hærra en árið 2012. Því er alveg ljóst að mannauðurinn innan Völsungs er gríðarlega dýrmætur.

Kröfur til þjálfunar, reksturs, umsýslu og umgjardar hafa aukist mikið á undanförunum árum samhliða vexti félagsins. Hingað til hafa félagsmenn „tekið þetta á kassann“ svo að það öfluga og fjölbreytta starf sem félagið hefur boðið upp á geti hreinlega gengið og dafnað áfram. Nú standa yfir viðræður við Norðurþing um samstarf og samvinnu þar sem sérþekking starfsfólks sveitarfélagsins gæti nýst vel við frekari uppbyggingu og þróun á faglegu starfi innan allra deilda Völsungs. Félagið okkar er að breytast og sem ein af grunnstoðum samfélagsins er það okkar allra, einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélagsins að fylgja því eftir og styðja við það.

Um þessar mundir er Völsungur á krossgötum, enn einu sinni. Innra starf félagsins hefur aukist til muna, félagið er með vaxtaverki og potturinn er orðinn of lítill. Því þarf að umpotta. Félagið þarf að komast í stærra pott til að geta haldið áfram að dafna, stækka og einnig til að standast væntingar og kröfur. Við viljum vissulega halda áfram að bjóða upp á öflugt, fjölbreytt og faglegt starf. Erum við sem samfélag tilbúin í það verkefni eða eigum við að nota sama gamla pottinn áfram?

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka öllum sjálfboðaliðum sem vinna baki brotnu fyrir Völsung fyrir þeirra framlag á árinu. Einnig vil ég þakka þjálfurum og öðrum starfsmönnum fyrir samstarfið á árinu. Án þessara aðila væri starf félagsins fátæklegt. Við sameinumst jú öll undir merkjum Völsungs.


Jónas Halldór Friðriksson

Íþróttafólk Völsungs


Íþróttafólk Völsungs fer fram fimmtudaginn 27. desember klukkan 17:00 í Hvammi.

Veittar verða viðurkenningar, ásamt því sem íþróttafólk Völsungs verður útnefnt.

Boðið verður upp á kaffi og konfekt.



Óskum Völsungum öllum
gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.



- Áfram Völsungur -



Frá aðalstjórn Völsungs

Frá aðalstjórn Völsungs

Óhætt er að segja að árið 2018 hafi verið ár töluverðra breytinga hjá Völsungi. Á aðalfundi félagsins í júní urðu stjórnarskipti þar sem gamla stórnin lét öll af störfum og nýtt fólk tók við. Í fráfarandi stjórn Völsungs sátu: Guðrún Kristinsdóttir, formaður, Daniel Borgþórsson, Þóra Kristín Jónasdóttir, Rannveig Þórðardóttir, Heiðar Hrafn Halldórsson, Víðir Svansson og Áslaug Guðmundsdóttir. Þá lét Guðrún Kristinsdóttir formaður Völsungs til 8 ára einnig af störfum. Þessu fólki viljum við þakka fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Nýja stjórn Völsungs skipa: Bergþóra Höskuldsdóttir, Davíð Þórólfsson, Hallgrímur Jónsson gjaldkeri, Heiða Elín Aðalsteinsdóttir, Jóna Björk Gunnarsdóttir ritari og Lilja Friðriksdóttir. Ekki hefur ennþá tekist að finna formann inn í stjórnina og því er hún ekki fullmönnuð þegar þetta er skrifað. Í fyrsta sinn í sögu félagsins er það formannslaust.

Í haust tók Jónas Halldór Friðriksson til starfa sem framkvæmdastjóri félagsins. Jónas hefur áður sinnt starfi framkvæmdastjóra og þekkir því starfið vel.

Það er auðvitað ákveðið áhyggjuefni hversu miklar mannbreytingar hafa verið innan Völsungs á síðustu árum. Félagið hefur vaxið gríðarlega, félagsmenn eru nú um 1000 og iðkendur í kringum 500. Félagið leggur sig fram um að bjóða upp á eins fjölbreytt starf og kostur er hverju sinni og sennilega hefur ekkert í samfélaginu okkar eins mikið forvarnargildi fyrir börnin okkar og íþróttafélagið. Hagsmunir okkar allra eru því miklir. Með stækkandi félagi aukast umsvifin og verkefnum fjölga. Því miður hefur samhliða því verið sífelld erfiðara að fá fólk til að vinna í kringum félagið, starfið er jú oft á tíðum tímafrekt og erfitt en um leið gefandi og skemmtilegt. Það er því eitt af markmiðum nýrrar stjórnar að búa félagið þannig að það sé bæði mögulegt og eftirsóknarvert að starfa í kringum Völsung. Við viljum blása til sóknar, tryggja að mögulegt sé að halda úti félagsaðstöðu og efla starf yngri kynslóðarinnar.

Það er allra hagur að samfélagið okkar sé eftirsóknarvert og að hér sé gott að búa. Hlutur af því er að hafa öflugt og gott íþróttafélag en það er ekki sjálfgefið og til að svo verði áfram þurfum við öll að hlúa að því, láta okkur starfið varða og vinna saman að lausnum þegar á móti blæs. Við viljum nota tækifærið og þakka öllum þeim sem styrkt hafa starf Völsung á árinu bæði fyrirtækjum og einstaklingum með fjárframlögum eða vinnu, án ykkar gæti félagið ekki haldið úti því fjölbreytta starfi sem það gerir. Eins viljum við þakka öllum starfsmönnum Völsungs svo og öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem starfa innan félagsins fyrir frábær störf á líðandi ári.

Aðalstjórn Völsungs sendir Völsungum nær og fjær bestu óskir um gleðileg jól og þakkar stuðninginn og samfylgdina á árinu sem er að líða.
Jólaeveðja, Aðalstjórn



Leit að næsta formanni Völsungs heldur áfram og ef þig langar að láta gott af þér leiða og taka þátt í skemmtilegu og gefandi starfi hvetjum við þig til að hafa samband við okkur í stjórninni. Við minnum á að félagsaðstaða Völsungs í vallarhúsinu á Húsavík er öllum opin alla virka daga og hægt að kíkja í kaffi, ræða um starfið og njóta stundarinnar.

EINU SINNI VÖLSUNGUR ÁVALLT VÖLSUNGUR!

Jólaeveðja frá aðalstjórn Völsungs



Þekkingarsetrið á Hafnarstétt óskar Þingeyingum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Þekkingarnet
Þingeyinga



Náttúrustofa
Norðausturlands



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Deloitte ehf. óskar
Völsungum
og Þingeyingum öllum
gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.



Deloitte.

ÁRAMÓTABRENNNA OG FLUGELDASÝNING

Kveikt verður í ármótabálkesti
við Húsavík kl. 16:45 þann
31. desember.

- Íþróttafélagið Völsungur sér um að tendra eldinn.
- Kiwanisklúbburinn Skjálfandi verður með flugeldasýningu.

Komum saman og kveðjum árið
2018 og fögnum því nýja.

Brennan er staðsett fyrir neðan
Skjólbrekku.

Munið að koma hvorki með
flugelda né blys að brennunni,
látum fagmennina hjá Kiwanis
sjá um þá hluti.



Gleðileg jól

og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Kiwanisklúbburinn
SKJÁLFANDI
A HÚSAVÍK



Óskum starfsfólki okkar, fjölskyldum
og Þingeyingum öllum

gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum árið sem er að líða.



GPG
SEAFOOD

Íþróttafólk Völsungs 2017

Íþróttafólk Völsungs var haldið við hátíðlega athöfn að Fosshóтели Húsavíkur 27. desember 2017. Guðrún Kristinsdóttir formaður Völsungs flutti ávarp áður en veitt voru verðlaun og viðurkenningar fyrir afrek á árinu 2017. Veitt voru heiðursviðurkenningar, hvatningaverðlaun, ýmsar viðurkenningar ásamt því sem íþróttafólk Völsungs var heiðrað.

Hvatningaverðlaun Völsungs hlutu:

Bardagaíþróttir: Arnhildur Hrönn Annýjardóttir og Jakob Fróði Karlsson. Blak: Hjalti Karl Jónsson og Heiðís Edda Lúðvíksdóttir. Fimleikar: Berta María Björnsdóttir og Magnús Máni Sigurgeirsson. Knattspyrna: Elmar Aðalsteinn Friðriksson og Jóna Björg Jónsdóttir. Skiði: Fannar Ingi Sigmarsson og Karen Linda Sigmarsdóttir. Sund: Guðmundur Kjartan Sigurðsson og Ester Eva Ingimarsdóttir.

Viðurkenningar fyrir landsliðsverkefni:

Völsungur átti töluverðan fjölda sem tók þátt í hæfileikamótun KSÍ. Eftirtaldir aðilar tóku þátt í hæfileikamótun á vegum KSÍ á árinu 2017: Andri Már Sigursveinsson, Jakob Héðinn Róbertsson, Hilmar Árnason, Heimir Máni Guðvarðarson, Magnús Máni Sigurgeirsson, Kristján Benediktsson, Rafnar Máni Gunnarsson, Arnar Pálmi Kristjánsson, Gunnar Kjartan Torfason, Stefán Óli Hallgrímsson, Sigrún Marta Jónsdóttir, Sjöfn Hulda Jónsdóttir, Karen Vala Daníelsdóttir, Lára Hlín Svavarsdóttir, Guðrún Þóra Geirsdóttir og Hildur Anna Bryjarnsdóttir.

Einnig átti Völsungur fulltrúa í úrtakshópum KSÍ: Elfa Mjöll Jónsdóttir, Brynja Ósk Baldvinsdóttir, Marta Sóley Sigmarsdóttir og Elmar Aðalsteinn Friðriksson.

Í úrtakshópa fyrir verkefni á vegum BlÍ voru tveir Völsungar valdir, þær Arney Kjartansdóttir og Arna Védís Bjarnadóttir. Tveir Völsungar tóku þátt í landsliðsverkefnum á vegum KSÍ. Þau Atli Barkarson sem lék með U-17 og U-18 ára landsliðum á árinu 2017 og skoraði í þeim þrjú mörk og Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir sem lék sjö leiki með U-17 á árinu 2017 og skoraði eitt mark.

Íslandsmeistarar 2017:

5. flokkur kvenna í blaki varð Íslandsmeistarar. Í liðinu voru Birta María Eiðsdóttir, Kristey Marín Hallsdóttir, Sigrún Marta Jónsdóttir, Elín Pálsdóttir, Sigrún Anna Bjarnadóttir og Heiðís Edda Lúðvíksdóttir.

Guðmundur Óli Steingrímsson hlaut viðurkenningu fyrir að vera búinn að leika yfir 100 leiki í meistaraflokki í deild og bikar en á árinu 2017 lék hann sinn 113. leik. Einnig voru Trésmiðjunni Rein færðar þakkir frá Aðalstjórn fyrir að vera sterkur stuðningsaðili knattspyrnudeildarinnar og vera ávallt tilbúið að styðja félagið í stærri og smærri verkum. Þar að auki var afmælisnefndinni sérstaklega þakkað fyrir hennar störf á árinu en í henni sátu Egill Páll Egilsson, Röðull Rey Karason, Guðmundur Friðbjarnarson, Óskar Páll Davíðsson og Ingólfur Freysson.

Heiðursviðurkenningar

Veitt voru sjö heiðursviðurkenningar. Silfurmerki hlutu: Friðrika Guðjónsdóttir, Unnur Guðjónsdóttir og Þorgímur Aðalgeirsson. Gullmerki hlutu: Már Höskuldsson, Linda Margrét Baldursdóttir, Jóhanna Guðjónsdóttir og Gísli Vigfússon.

Íþróttafólk Völsungs

Að lokum voru veitt verðlaun fyrir íþróttafólk Völsungs. Knattspyrnukona ársins var Dagbjört Ingvarsdóttir, knattspyrnumaður ársins var Guðmundur Óli Steingrímsson, handknattleiksmaður ársins var Elmar Örn Guðmundsson, bocciakona ársins var Jóna Rún Skarphéðinsdóttir, bocciamaður ársins var Sverrir Sigurðsson og blakkona ársins var Saldjana Smiljanic.

Íþróttamaður Völsungs 2017 var kjörinn Guðmundur Óli Steingrímsson og íþróttakona Völsungs 2017 var kjörin Anna Halldóra Ágústsdóttir.



Guðmundur Óli Steingrímsson



Anna Halldóra Ágústsdóttir

Óskum Húsvíkingum
öllum gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.
Þökkum liðin ár.



Gleðileg jól



og farsælt komandi ár.

Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Jólahugvekja sóknarprests

Opna glaður hjartans hús

Hann, þótt æðst í hátign ljómi.

Hógvær kemur alls staðar

hjarta þitt að helgidómi

hann vill gjöra og búa þar.


Opna glaður hjartans hús,

hýs hinn tigna gestinn fús.

Getur nokkuð glatt þig fremur:

Guð þinn sjálfur til þín kemur?

Sb 57 Valdimar Briem



Upp til hópa eyðir fólk ævinni í að uppfylla sundurleitustu þrár. Sá er þó hængur á að jafnskjótt og einni löngun í þessum heimi er fullnægt tekur önnur við. Manneskjan verður ekki sátt meðan hún leitar stað úr stað að tímanlegum gæðum sem mölur og ryð eyðir. Svo lengi sem við látum okkur aðeins lynda við efnisheiminn í leit okkar að hamingjunnni þá erum við á villigötum. Ef okkur auðnast að leita frekar inn á við þá erum við betur sett. Kannski finnum við það sem við leitum að þegar löngun okkar í brotasilfur efnisheimsins er að engu orðin? Skyldi sá sem ekkert á og einskis þarfnast vera ríkari en hinn sem á alla hluti og getur ekki án þeirra verið? Þetta eru heimspekilegar vangaveltur. Hinn fyrri leitar inn á við. Þar uppfyllast þrár hans. Við eigum margvísleg tækifæri til að leggja rækt við okkar innri mann í dagsins önn og íhuga þá leyndardóma sem þar fyrirfinnast. Sá einn fær numið þann leyndardóm sem í hugskoti sínu skipar Guði í það sæti sem honum ber. Fyrir náð Guðs fær venjuleg manneskja iðulega sannreynt eilífðina með óvæntum hætti á örskotsstundu. Fjölmargir þekkja slíka trúarreynslu. Skyndilega er Guð nærstaddur, þar sem þú gengur eftir götunni undir þungbúnum himni eða skínandi sól. Hann strýkur þér um vanga meðan þú situr við skrifborðið þitt og skrifar ævisögu þína á lyklorðið eða erfiðar í skurðinum sem þú ert að grafa. Hann réttir þér knöttinn eftir að þú hefur misst marks með lífi þínu og segir við þig: „Reyndu aftur!“ Þú skynjar óhagganlegan veruleika við hjartarætur þínar. Og hvað gerir þú þá? Opna glaður hjartans hús / hýs hinn tigna gestinn fús / Getur nokkuð glatt þig fremur / Guð þinn sjálfur til þín kemur.

Gleðileg jól

Séra Sighvatur Karlsson

SPARISJÓÐUR SUÐUR-ÞINGEYINGA

ÓSKAR VIÐSKIPTAVINUM,
VELUNNURUM
OG LANDSMÖNNUM ÖLLUM
GLEÐILEGRA JÓLA
OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI.

SPARISJÓÐUR
SUÐUR-ÞINGEYINGA
FYRIR ÞIG OG ÞÍNA.



SPARISJÓÐUR
Suður-Þingeyinga

Tómstunda- og æskulýðsfulltrúi

Af hverju hættum við að leika okkur?

Um leið og börn læra að ganga er rökrétt næsta skref að hlaupa. Fara hraðar, detta, standa upp og finna út hvaða möguleika okkar ótrúlegi líkami hefur.

Það er hluti af bernskunni að detta og standa upp að nýju. „Það er óþarfi að vefja börnin inn í bómull“ eins og sagt var í gamla daga.

Ég velti oft fyrir mér muninum á börnum og fullorðnum. Þessu tengt má spyrja sig hvort sársaukaþröskuldur fullorðinna sé lægri en hjá börnum?

Setjum upp smá dæmi;

Tveir einstaklingar standa hlið við hlið. Einn 7 ára og hinn 37 ára. Verkefnið er að taka 15 metra kapphlaup og enda á strangheiðarlegri skriðtæklingu, vinna inn örfáar millisekúndur sem svo oft skilja á milli feigs og ófeigs. Hægri löppin er teygð fram í fullri réttu, vinstri löppin bogin undir rass eins og lög um skriðtæklingu gera ráð fyrir.

Lipurðin, stíllinn og hraðinn og er ekki sá sami en þetta fallega ískur hljóð sem hljómar um salinn þegar ysta lag húðarinnar brennur í burtu í tæklingunni og eftir situr eitt stykki eldrautt brunasár sameinar kynslóðirnar á þessu augnabliki.

Vont, þetta er skrambi vont! Um það eru allir sammála. Hvor ætli nuddi nú sárið oftar næstu vikuna og hugsu um hvað þetta er vont? Hvor aðillinn nær sér í krem og ber reglulega á sárið svo það grói nú sem allra fyrst. Hvor ætli hiki á síðustu metrunum þegar sama tilraun fer fram tveimur vikum síðar?

Titill þessarar hugleiðingar minnar segir til um hvað ég mundi giska á.

Aukin kyrrseta og lífstíll nútímamannsins er vaxandi vandamál í hinum vestræna heimi. Börnum er eðlislægt að hlaupa, detta og leika sér og við eigum að örva þessa þætti hjá æsku okkar og framtíð.

En fyrst ber okkur að líta í eigin barm og spyrja okkur; af hverju hættum við að leika okkur? Af hverju hættum við að hreyfa okkur? Jörðin undir okkur er á stöðugri hreyfingu og af hverju ættum við þá að vera kyrr?

Ætli hnéð á fullorðna mannum skemmist ef hann fær annað brunasár á hnéð næsta dag?

Leyfum okkur að hoppa ofan í poll bara til þess að sjá hvernig vatnið skvettist í allar áttir. Við förum bara í þurra sokka þegar við komum heim.

Samvera foreldra og barna/ungmenna er fyrir það fyrsta skemmtileg og þar að auki hafa slíkar stundir ótvírætt forvarnargildi. Barnaby getur alveg leyst gátuna sjálfur eithvert laugardagskvöldið þó svo að við förum út að leika okkur. Brunasárið á hnéð er skriðtæklingarinnar virði!



Kjartan Páll Þórarinnsson



Héraðssamband Þingeyinga

Sendir öllum Þingeyingum bestu jóla- og nýárskveðjur með kærri þökk fyrir stuðning, samstarf og sjálfbóðaliðastarf á árinu.



Vonumst til að árið 2019 færi okkur öllum gæfu til frekari afreka, gleði- og ánægjustunda í formi fjölbreyttrar hreyfingar.



Yngri flokkar í knattspyrnu

Frá barna- og unglingaráði Völsungs.

Barna- og unglingaráð heldur utan um rekstur yngri flokka Völsungs í knattspyrnu. Ráðið er í raun eins og hver önnur deild innan Völsungs sem sér m.a. um innheimtu æfingagjalda og ráðningar þjálfara. Ráðið er skipað fimm fulltrúum foreldra eða áhugafólks um knattspyrnu. Núna skipa ráðið Kristinn Jóhann Lund formaður, Ásta Magnúsdóttir ritari, Gunnar Jónsson gjaldkeri, Linda Hrönn Arnþórsdóttir og Kristjana Lilja Einarsdóttir.

Þá situr framkvæmdastjóri Völsungs fundi ráðsins og er tengiliður við aðalstjórn Völsungs.

Vel gekk að ráða þjálfara fyrir veturinn og gaman frá því að segja að allir aðalþjálfarar hafa setið þjálfaranámskeið á vegum KSÍ, en barna og unglingaráð leggur mikla áherslu á að þjálfarar og aðstoðarþjálfarar sitji þau námskeið. En þess má geta að tveir þjálfarar yngri flokka Völsungs þeir Aðalsteinn Jóhann og John Andrews hafa lokið UEFA-A þjálfararéttindum.

Gott yngri flokka starf hefur t.a.m. skilað sér í því að í meistaraflokkum líðandi sumars voru aðeins fjórir leikmenn sem ekki fóru í gegnum yngri flokka starf Völsungs.

Íðkendur 16 ára og yngri eru nú tæplega 200 og hefur þeim farið fjölgandi undanfarið.

13 lið voru skráð til leiks í Íslandsmóti hjá yngri flokkum og tóku þau þátt í 78 leikjum frá maí og fram í september. Ásamt því að taka þátt í fjölda annarra móta, eins og listað er upp hér á eftir.

Við megum vera afskaplega stolt af barna- og unglingastarfi knattspyrnudeildar Völsungs.

Barna- og unglingaráð óskar Völsungum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.



8. flokkur tók þátt í Stefnumóti KA, Strandamóti og Curiomóti. Þjálfarar 8. flokks í vetur eru þau Árdís Rún Þráinsdóttir og Elmar Örn Guðmundsson. Þeim til aðstoðar er Guðrún Þóra Geirsdóttir.

7. flokkur kvenna tók þátt í Stefnumótum KA, 7. flokks móti Þórs, Strandamóti og Curiomóti hér á Húsavík

7. flokkur karla tók einnig þátt í Stefnumótum KA, 7. flokks móti Þórs, Strandamóti og Curiomóti.

Aðalsteinn Jóhann Friðriksson stýrir æfingum hjá 7. flokki í vetur en strákar og stelpur æfa saman að þessu sinni. Honum til aðstoðar eru þær Brynja Ósk Baldvinsdóttir og Marta Sóley Sigmarsdóttir.

6. flokkur kvenna tók þátt í Stefnumótum KA, Goðamóti, Landsbankamóti á Sauðárkróki og Íslandsmóti.

Arnildur Ingvarsdóttir þjálfar 6. flokk kvenna í vetur.

6. flokkur karla tók þátt í Stefnumótum KA, Goðamóti og Íslandsmóti. Auk þess tók yngri árið þátt í Set móti á Selfossi en eldra árið fór á Orkumót í Eyjum. Aðalsteinn Jóhann Friðriksson þjálfar 6. flokk karla í vetur.

5. flokkur kvenna tók þátt í Goðamóti, Síamóti og Íslandsmóti Elmar Örn Guðmundsson þjálfar 5. flokk kvenna í vetur.



5. flokkur karla tók þátt í Goðamóti, N1 móti og Íslandsmóti John Andrews þjálfar 5. flokk karla í vetur.

4. flokkur kvenna tók þátt í Stefnumóti, Rey Cup og Íslandsmóti auk þess sem þær fóru í gríðarlega vel heppnaða æfingaferð til Reykjavíkur í vor. Jónas Halldór Friðriksson þjálfar 4. flokk kvenna í vetur.

4. flokkur karla tók þátt í Stefnumóti KA, Rey Cup og Íslandsmóti. Aðalsteinn Jóhann Friðriksson þjálfar 4. flokk karla í vetur.

3. flokkur karla fór á Stefnumót KA og Rey Cup. Vegna mannahallæris var liðið ekki skráð í Íslandsmót en sjö leikmenn spiluðu með KA í Íslandsmótinu. Aðalsteinn Jóhann Friðriksson þjálfar 3. flokk karla í vetur.

3. flokkur kvenna tók þátt í Stefnumóti KA en ákveðið var í vor að skrá liðið ekki í Íslandsmót í 3. flokki en skrá frekar lið í Íslandsmótið í 2. flokki þar sem 3. flokks stelpurnar tóku þátt. John Andrews þjálfar 3. flokk kvenna í vetur.

Curiomót Völsungs

Um 750 iðkendur á aldrinum fimm til tíu ára tóku þátt í Curio-mótinu í knattspyrnu síðla í ágústmánuði. Curio er helsti styrktaraðili mótsins og sömuleiðis styrkja Rein og Norðlenska mótið. Það má reikna með að um 2000 manns hafi haft viðkomu á Húsavíkurvelli á meðan á mótinu stóð. Frá Fjallabyggð í vestri að Fjarðarbyggð í austri. Veður lék sannarlega við iðkendur og gesti. Barna- og unglingaráð í knattspyrnu hafði veg og vanda að undirbúningi ásamt framkvæmdastjóra. Sérstaklega ber að þakka samheldni og virka þátttöku foreldra sem stóðu sig með sóma. Sömuleiðis er ástæða til að þakka Aðalsteini Jóhanni Friðrikssyni fyrir sitt framlag til mótsins. Framlag félaga í Völsungi og bæjarbúa er mikilvægt. Þá er ákaflega mikilvægt að fyrirmyndir barnanna, leikmenn í meistaraflokkum taki þátt í mótinu s.s. með dómgæslu. Völsungur gerir frábæra hluti og starfið þarf að vökva, allan aldur. Sama hvað okkur finnst um fótbolta. Ungu iðkendurnir vaxa úr grasi og taka síðar þátt í starfi meistaraflokka og allt þar á milli. Daginn fyrir Curio-mótið fór fram leikur hjá öðrum flokki kvenna þar sem lið Völsungs tók á móti sameiginlegu liði úr Fram, Afureldingu og Víkingi, Ólafsvík. Spáum aðeins í upptökusvæði liðanna.

Það ber að hlúa ávallt að starfi Völsungs. Það hefst með yngstu iðkendum. Þeirra er framtíðin.



Lítill knattspyrnujólakveðja, Hjálmar Bogi, Mótsstjóri



Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



HÁRIÐJAN
Ella og Dagný

Óskum viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



Sig Illugason
Málakameistari - Sími: 8942707

Grímur vélsmiðja
óskar öllum Völsungum
nær og fjær
gleðilegra jóla.



Gleðileg jól
farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Bílaþjónustan ehf.
Garðarsbraut 52 - 640 Húsavík
Sími 464 1122

Óskum öllum Völsungum til
sjávar og sveita gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin
á liðnu ári.



Kæru viðskiptavinir
Gleðilega jólahátíð,
þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða
Helga, Sylvía og Valdís



HARFORM

Óskum
Völsungum
öllum gleðilegra
jóla og farsældar
á komandi ári.




Saltvík
Hestamiðstöð / Horse Center
Húsavík

Óskum viðskiptavinum
okkar og Húsvíkingum
öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi
ári með þökk fyrir árið
sem er að líða.




VERMIR s.f.
Pipulagnir



Gleðileg jól og farsælt komandi ár

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskipta-
vini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.



pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík

Selfoss | Hvalsöllum | Vestmannaeyjar

Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.

Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.



Fimleikar

Fimleikaæfingar þetta haustið hófust í byrjun september. Iðkendur á haustönn eru á milli 50-60 talsins. Æfingum er skipt niður í þrjá hópa sem eru leikskólahópur, 1. - 3. bekkur og 4. - 10. bekkur.

Það hefur verið mikill uppgangur hjá deildinni síðastliðið ár. Deildin fékk styrk frá Rafiðnaðarsambandinu og Norðurlþingi og var sá peningur nýttur í tækjakaup. Haldin var fimleikasýning í maí en hún var með breyttu sniði þar sem var ákveðið að rukkað yrði inn á sýninguna og vera með kaffisólu. Ágóðinn rann síðan í tækjakaup fyrir fimleikadeildina. Það er stefnt að því að halda jólasýningu með svipuðu sniði núna 16. desember. Þar sem stefnan er að sýna afrakstur æfinga haustannarinnar með sama sniði og í maí.

Síðastliðið vor fóru nokkrar stelpur á hið árlega Mínerumót sem Fimleikafélagið Björk hélt. Þar náðu stelpurnar þriðja sæti. Síðan núna í byrjun nóvember var haldið mót á Akureyri þar sem Völsungur var með tvö lið. Þetta mót var þeirra fyrsta mót sem haldið er á vegum Fimleikasambands Íslands og stóðu stelpurnar sig virkilega vel.

Við erum einstaklega heppin með þjálfara þennan veturinn. Halldóra Magnúsdóttir sér um leikskólahópinn, Iolanda er yfir 1.-3. bekk og Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir yfir 4.-10. bekk. Einnig eru aðrir þjálfarar sem eru þeim til aðstoðar.



Stelpurnar sem kepptu á Akureyri í nýjum fimleikabólum Völsungs.

Í ár var ákveðið að endurnýja fimleikabúninga fyrir Völsung og voru búningar keyptir í gegnum www.fimleikar.is þar sem bæði var hægt að kaupa æfingabúninga og keppnisbúninga sem hægt er að sjá á meðfylgjandi myndum.

Stefnt er á að reyna að fara til Ollerup sumarið 2019 sem því miður gekk ekki upp í ár vegna tæknilegra örðugleika í skráningarkerfi Ollerup.

Það vantar þó enn töluvert fjármagn til þess að hægt sé að bjóða upp á búnað við hæfi og vinnum við hörðum höndum að því til að bjóða upp á sem bestan aðbúnað fyrir iðkendur.

**Við þökkum kærlega fyrir árið sem er að líða.
Stjórn Fimleikadeildar Völsungs.**

Óskum viðskiptavinum
og samstarfsaðilum okkar
gledilegra jóla
og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin.



NORÐLENSKA



Gledileg jól

— KEA óskar félagsmönnum
sem og samstarfsaðilum sínum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



KEA

Sund

Í ársbyrjun 2018 fóru sundmenn okkar að keppa undir merki Völsungs í stað HSP. Um 20 duglegir krakkar hafa verið að æfa sund þetta árið. Yngri hópnum bauðst að æfa einu sinni til tvisvar í viku en eldri hópurinn æfði allt að fjórum sinnum í viku.

Þau sundmótin sem farið var á þetta árið voru: Gullmót KR í Reykjavík í febrúar, Ásvallarmót í Hafnarfirði í apríl, Ránarsundmót á Dalvík í maí, Akranesleikarnir á Akranesi í júní, Aldursflokkeistaramót (AMÍ) á Akureyri sem er lágmarkamót, 17. júnímót á Húsavík, Sprengimót Óðins á Akureyri í september, Extramót í Hafnarfirði í október, Héraðsmót á Laugum í nóvember, Desembermót Óðins á Akureyri.

Misjafn var hversu margir fóru á hvert mót en sundmennirnir okkar stóðu sig vel hvar sem þeir komu og margir bættu sig mikið á árinu. Þá var gaman að fylgjast með þeim sundmönnum sem voru að fara á sín fyrstu stóru mót á árinu.



Sundmenn frá Völsungi náðu víða í verðlaun á árinu. Á Akranesleikunum komu Dagbjört Lilja Danielsdóttir og Ester Eva Ingimarsdóttir heim með nokkur verðlaun. Dagbjört Lilja með tvö gull, eitt silfur og eitt brons og Ester Eva með eitt silfur og þrjú brons.

Aldursflokkeistaramót Íslands var haldið á Akureyri að þessu sinni. Dagbjört Lilja náði lágmarkum í fimm greinum og Ester Eva í sex greinum. Þær bættu sig mikið og stóðu sig frábærlega vel.

Á árlegu Héraðsmóti okkar á Laugum kepptu 25 börn. Keppendur komu frá Eflingu og Völsungi og stóðu krakkarirnir sig öll frábærlega vel. Verðlaunaafhending var haldin í Dalakofanum að móti loknu. Þar mættu foreldrar og börn, rúmlega 50 manns og borðuðu pizzu ásamt þjálfurum sínum. Veitt voru verðlaun fyrir stigahæstu konuna og stigahæsta karlinn og voru Dagbjört Lilja Danielsdóttir frá Völsungi og Styrmir Franz Snorrason frá Eflingu hlutskörpust að þessu sinni. Þá vann Völsungur stigakeppnina.



Fatahreinsun Húsavíkur býður viðskiptavinum eftirfarandi þjónustu:

- * Hreinsun á fatnaði
- * Þvottur og leiga á líni
- * Mottuleigu
- * Dúkaleigu
- * Sandblástursfilmur í glugga
- * Fatamerkingar og bílafilmur

Einnig bjóðum við upp á uppsetningu á sandblástursfilmum.

Verið velkomin!



Túngata 1 · Húsavík · 464-2222 · 867-6787
fatahreinsun@simnet.is

Ár hvert eru veitt sérstök hvatningaverðlaun og fengu Ester Eva Ingimarsdóttir og Guðmundur Kjartan Kjerulf verðlaunin í ár. Sunddeildin hefur verið í miklu samstarfi við Ragnheiði Runólfsdóttur, þjálfari Óðins á Akureyri og hafa elstu sundmennirnir verið að sýnda æfingar frá henni og einnig fengið að fljóta með Óðinskrökkunum á sundmót.

Þjálfarar sunddeildarinnar eru Árný Björnsdóttir, Lilja Friðriksdóttir og Guðrún Erla Guðmundsdóttir. Í stjórn eru Aija Kotleva, Árný Björnsdóttir og Karólína Gunnlaugsdóttir. Við viljum þakka Elísabetu Sigurðardóttur fyrir frábært samstarf og vel unnin störf fyrir sunddeilina síðustu 15 árin.

Við hjá sunddeildinni óskum öllum þjálfurum, iðkendum sem og þingeyingum öllum gleðilegra jóla og gæfufríks komandi árs.

Fyrir hönd sunddeildar Völsungs
Árný Björnsdóttir

Óskum Húsvíkingum og nærsveitungum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á liðnu ári.



FISKELDID
HAUKAMÝRI

Okkar bestu óskir
um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár
Þökkum það liðna



Starfsfólk Bílaleigu Húsavíkur

b **Bílaleiga Húsavíkur**
Garðarsbraut 66 • Húsavík

Óskum Húsvíkingum
og Þingeyingum
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



Garðarshólmi

∞ 1961 ∞



GJAFAKORT NETTÓ
- einföld og góð gjöf



Þú getur keypt **gjafakort Nettó** í öllum okkar verslunum - hvar sem er á landinu. Kortið er einfalt og þægilegt í notkun. Starfsfólk okkar aðstoðar þig með kaupin í næstu verslun.

WWW.NETTO.IS



FYRIR SVANGA Á FERÐ

EL RENO OSTBORGARI OG FRANSKAR **VERÐ: 1.299 KR.**



VIÐ ERUM Á OLÍS

ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
NORÐLINGAHOLTÍ

MOSFELLSBÆ
AKRANESI
BORGARNESI

STYKKISHÓLMI
SKAGASTRÖND
SIGLUFIRÐI

ÓLAFSFIRÐI
DALVÍK
REYÐARFIRÐI

NESKAUPSTAÐ
HELLU

SELFOSSI
HÚSAVÍK

GRILL66.IS



Óskum Húsvíkingum
og nærsveitungum
gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs.



25 ára
1993 - 2018

Óskum Völsungum
öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



SAH BRETTI - Urðargæði 1 - 640 Húsvík
Símar: 464 1020 & 864 1020 - Kt.: 650808-2230

Óskum
viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



Húsvík Adventures
óskar Völsungum nær
og fjær gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.



Óskum öllum
Völsungum gleðilegra
jóla og farsældar
á nýju ári.



Gleðileg jól
farsælt
komandi ár.
Þökkum
viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Flugfélagið Ernir
óskar Völsungum
gleðilegra jóla
og heillaríks komandi árs



Gleðileg jól
Megi nýtt ár
færa ykkur ný ævintýri.



Óskum viðskiptavinum
okkar og öðrum Þing-
eyingum Gleðilegra
jóla og farsældar á nýju ári.
Þökkum viðskiptin



Óskum öllum Völsungum til sjávar
og sveita
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin
á liðnu ári.



464 1500 • info@gentlegiants.is • www.gentlegiants.is



Norðurþing óskar Völsungum

fjær og nær
gleðilegra jóla
og bjartar framtíðar
innan sem utan vallar



Allir í (jóla)gallanna....
Áfram Völsungur!



Óskum Völsungum
og Húsvíkingum öllum
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári
með þökk fyrir árið sem er að líða



Trésmiðjan Rein ehf

Myndir frá árinu 2018



Blak

Frá Blakdeild

Auk hefðbundinnar starfsemi stóð blakdeildin að tveimur risaverkefnum á árinu 2018

Annarsvegjar var um að ræða undirbúning og framkvæmd á námskeiði með Blakgoðsögninni Vladimir Grbic frá Serbíu í marsmánuði og hinsvegjar uppbygging á langþráðum strandblakvelli á Húsavík.

Vladimir Grbic er einn af allra bestu og þekktustu blakmönnum sögunnar. Hann var fyrirliði Júgóslavíu og síðar Serbíu og vann m.a með sínu liði Gullverðlaun á olympíuleikunum í Sydney árið 2000 þegar Júgóslavía var enn í sárum eftir stríðsátök á balkanskaga. Úrslitaleikurinn og sigur liðsins þótti nánast kraftaverk og Vladimir fór þar fyrir sínum mönnum sem sannur leiðtogi og yfirburðaíþróttamaður.

Það eru stórtíðindi þegar íþróttamenn með slíka sögu og árangur koma til Íslands í hvaða íþrótt sem er og var það mikill fengur og heiður fyrir Blakdeild Völsungs að vera treyst fyrir verkefninu sem unnið var í samvinnu við íþróttasamband fatlaðra en Vladimir hefur einnig látið mikið að sér kveða við útbreiðslu Blakíþróttarinnar meðal fatlaðra. Námskeiðið tókst afar vel í alla staði og voru bæði þátttakendur og leiðbeinandinn hæstánægð með helgina.

Blakdeildin réðst jafnframt í að byggja upp 2 strandblakvelli á Húsavík í sumar. Gerður var leigulóðarsamningur við Safnahúsið um uppsetningu á 2 strandblakvöllum og ráðist í framkvæmdir um mitt sumar. Um var að ræða gríðarmikla tilfærslu á jarðefnum frá lóðinni og svo viðeigandi malarefni og sandi til baka í völlinn. Nú eru komnir upp tveir glæsilegir strandblakvellar á frábærum stað miðsvæðis í bænum og aðeins eftir lokafrágangur á umhverfi og aðstöðu sem mun klárast vorið 2019. Verkefnið var unnið að öllu leyti í sjálfboðavinnu blakáhugafólks og verktaka sem lögðu til tæki, tól og eigin vinnu svo hægt væri að láta þennan draum rætast. Blakdeildin vill koma á framfæri innlegu þakklæti til allra sem lögðu hönd á plóginn við þetta verkefni í sumar.

Meistaraflokkar í blaki

Meistaraflokkur kvenna lauk sínu öðru ári í Úrvalsdeildinni í vor og bætti árangur sinn verulega frá fyrra ári. Liðið endaði í 5. sæti deildarinnar með leikjahlutfallið níu sigrar og níu töp sem er flottur árangur og stórt skref í rétta átt í efstu deild Íslandsmótsins. Sigrarnir komu flestir á heimavelli og flest toppliðin í deildinni þurftu að skondrast heim stígalaus eftir viðureign við valkyrjurnar okkar á heimavelli á Húsavík!

Á uppskeruhátíð Blaksambands Íslands voru veittar viðurkenningar til þeirra blakara sem skoruðu fram úr á tímabilinu. Okkar kona Jóna Björk Gunnarsdóttir fékk þar viðurkenningu fyrir flest stig skoruð úr uppgjöf ásamt því að vera ein af þrem sem tilnefndar voru sem bestu uppspilari deildarinnar. Frábær árangur og mikill heiður og uppskera fyrir Jónu og blakdeildina að fá þessar viðurkenningar! Arna Védís Bjarnadóttir var einnig tilnefnd sem ein af þremur efnilegustu leikmönnum deildarinnar. Tvær stúlkur af yngri kynslóðinni í meistaraflokki náðu þeim áfanga að vera valdar til landsliðsverkefna síðastliðinn vetur. Arney Kjartansdóttir var í liði U17 landsliðs Íslands sem tók þátt í mótum í Úkraínu og á Ítalíu og Arna Védís Bjarnadóttir var valin í landslið Íslands sem tók þátt í æfingamóti á Ítalíu og spilaði þar sinn fyrsta A-landsleik í mars og var svo jafnframt valin í U19 landslið Íslands sem tók þátt í sex liða móti í Englandi nú í haust.

Eftir síðasta keppnistímabil lá fyrir að margar af burðarásam liðsins undanfarin ár myndu hverfa á braut og yngri stelpur fá stærri hlutverk. Til að styrkja liðið fyrir tímabilið sem nú er í gangi fengum við til okkar tvær öflugar erlendar blakkonur sem hafa styrkt liðið verulega í haust og reynst okkur vel.



Framundan er svo áframhaldandi uppbyggingarstarf og ljóst að framtíðin er björt þar sem fjölmargar kornungar og efnilegar stelpur eru að banka á dyr meistaraflokks og munu koma inn í liðið jafnt og þétt á næstu árum.

Meistaraflokkur karla vann 2. deild Íslandsmótsins 2017-18 og leikur nú í fyrstu deild. Spennandi uppbyggingartímabil er framundan hjá þeim á næstu árum.

Sladjana Simjanic er aðalþjálfari meistaraflokka karla og kvenna. Það var mikill fengur fyrir blakdeildina að fá þessa öfluggu og metnaðarfullu konu til okkar og hefur hún ásamt þjálfun leikið lykilhutverk sem spilandi þjálfari í kvennaliðinu síðustu þrjú árin.

Leikmenn og meistaraflokksráð blakdeildar senda stuðningsmönnum og styrktaraðilum kærar kveðjur og þakkar og félagar í blakdeildinni fá sérstakar þakkar fyrir alla hjálpa við framkvæmd og umgjörð heimaleikja.

**Fyrir hönd meistaraflokksráðs,
Bjarni Páll Vilhjálmsson**



Yngri flokkar blak

Yngriflokkastarf blakdeildar var með hefðbundnu sniði á árinu, iðkendur eru um 35 í 3.-6. flokki auk unglinga í framhaldsskóla sem eru farnir að æfa á fullu með meistaraflokki. Völsungur sendi lið á öll þau mót sem í boði voru á árinu og var árangur góður og alltaf koma einhver verðlaun með heim í fartaskinu, má þar helst nefna Íslandmeistaratitil í 3. flokki kvenna nú í október síðastliðnum og úrslitaleik í bikarkeppni sem reyndar tapaðist en mikil upplifun fyrir stelpurnar þar sem þær fengu að upplifa sömu umgjörð á leiknum og er hjá meistaraflokkum. Leikurinn var sýndur og honum lýst í beinni útsendingu á sport tv.

Völsungur hélt Íslandmót fyrir 2. og 3. flokk nú í október þar sem stelpurnar í 3. flokki gerðu sér lítið fyrir og unnu mótið, þetta er sennilega metnaðrýfillsta verkefnið sem yngriflokkaráð Völsungs hefur tekið að sér þar sem miklar kröfur eru gerðar m.a. til dómgæslu þar sem stór hluti í 2. flokki er farinn að spila í meistaraflokki og engin gríð gefin fyrir mistökum.



Völsungur átti nokkra fulltrúa í landsliðverkefnum BLÍ á árinu, Arney Kjartansdóttir fór með U-17 til Tékklands í janúar og tók þátt í æfingum í september. Arna Védís Bjarnadóttir tók þátt í æfingum með U-19 í janúar og fór með B-liði í æfinga- og keppnisferð til Ítalíu og tryggði sér svo sæti í U-19 nú í haust þar sem liðið tók þátt í móti í Englandi. Þá voru fimm stúlkur valdar í 24 stúlkna úrtakshóp U-16 landliðs, Agnes Björk Ágústsdóttir, Elín Pálsdóttir, Heiðdís Edda Lúðvíksdóttir, Kristey Marín Hallsdóttir og Sigrún Marta Jónsdóttir, voru þær æfingar haldnar hér á Húsavík 10.-11. nóvember. Agnes, Heiðdís og Sigrún náðu að komast í gegnum fyrsta niðurskurð og hafa verið kallaðar til æfinga helgina 15. og 16. desember. En þetta er undirbúningur fyrir EM sem haldið verður í Færeyjum fyrstu helgina á nýju ári.

Það er bjart framundan hjá blökurum hjá Völsungi og eru nýir iðkendur ávallt velkomnir. Þjálfarar á árinu hafa verið Sladjana Smiljanic, Erla Bjarnadóttir, Rut Gomez og Ashley Boursiquot auk aðstoðar annarra blakara.

**Kær kveðja yngriflokkaráð Völsungs
Lúðvík Kristinsson**

Öldungablak

Öldungablakið hefur verið mjög öflugt um árabíl og eru iðkendur um 40 manns í kvenna- og karla deildum. Hraðmót innan blakdeilda hjá íþróttafélögum eru haldin víða um land og hafa Völsungar sótt þau mót sem haldin eru á Norðurlandi. Auk þess kepptu tvö kvennalið á síðasta tímabili í 3. og 5. deild. Karlalið keppti í 2. deild sem var blandað lið Völsungs og Eflingar og unnu þeir sína deild. Í haust hóf karlaliðið leik í 1. deild sem Völsungalið og er aldursbilið breitt þar sem ungir og efnilegir strákar eru að koma inn í liðið. Kvennaliðið, skipað reyndum blökurum spilar í 3. deild.

Samkvæmt venju byrjuðu blakara árið með Nýársmótinu okkar sem haldið hefur verið undan farin ár fyrstu helgina í janúar. 47 lið komu víðs vegar að og voru spilaðir hörku leikir. Vegna fjölda liða, var einnig spilað í íþróttahúsinu á Laugum. Blakdeildin hefur séð um vinnu á heimaleikjum meistaflokks kvenna ásamt heimaleikjum 1. deildar karla. Stuðningur Húsvíkinga og nærsveitamanna hefur verið frábær og hefur stúkan verið þéttsetin alla leiki og gaman að sjá hversu margir fylgjast með blakstarfinu á Húsavík.

Blakvetrinum lauk svo með öldungamóti sem er orðinn mjög stór viðburður og voru 182 lið sem kepptu á Akureyri undir mótsheitinu BLAKA 2018. Völsungar fóru með sex lið, fjögur kvennalið og tvö karlalið.

Sladjana Simjanic er áfram yfirþjálfari blakdeildar og þjálfari karladeildarinnar ásamt því að sjá um þjálfun yngri flokkana. Henni til aðstoðar eru þær Rut Gomez og Ashley Boursiquot. Þjálfarar kvennaliðana eru Bjarni Páll Vilhjálmsson og Jóhanna Guðjónsdóttir.

Erla Bjarnadóttir

Jólakvæðja

Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Framsýn-stéttarfélag
Starfsmannafélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Þingidn



Gleðileg jól
farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin
á liðnum árum

ÁFRAM VÖLSUNGUR!



VÍKURRAF EHF
RAFVERKTAÐAR - VERSLUN - HÚSAVÍK
SÍMI: 464-1600 - WWW.VIKURRAF.IS

Óskum öllum Völsungum
til sjávar og sveita
gleðilegra jóla
og farsældar
á komandi ári.



Þökkum samskiptin á liðnu ári.



ORKUVEITA
HÚSAVÍKUR

Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



SJÓVÁ

Bandy

Bandydeild Völsungs byrjaði sem tilraunaverkefni í byrjun árs 2017. Áhugi fyrir því fór fram úr okkar þjörtustu vonum og mætingin var góð. Völsungur hefur tekið þátt á fjórum mótum síðan það byrjaði, tveimur á Ólafsfirði og tveimur í Kópavogi.

Eigum við HK Bandy í Kópavogi mikið að þakka en þeir eru fyrsta bandýdeild sem tilheyrir íþróttafélagi. Einnig eiga þeir heiðurinn af öllum mótunum sem fram hafa farið og séd um þau í sjálfboðavinnu.

Bandy íþróttin svipar til íshökkís, þ.e.a.s. fimm úti leikmenn og einn markmaður auk þess sem regluverkið er mikið skylt. Líkt og með íshökkí og handbolta er leikhraðinn mikill, skiptingar tíðar og flæðandi. Það kemur mörgum á óvart hversu mikil hreyfing er í þessari íþrótt.

Bandy hefur verið vaxandi íþrótt á Íslandi síðustu ár. Í dag eru virk lið á Húsavík, Egilstöðum, Akureyri, Ólafsfirði og á höfuðborgarsvæðinu. Einnig hefur aðsókn kvenna stóraukist. Tvær stelpur hafa verið að mæta á æfingar hjá Völsungi og eru sum önnur lið að spila með blönduðum hóp. Einnig eru kvennalið á Akureyri og hjá HK Kópavogi.

Undanfarið hefur aðeins hallað undan fæti hjá okkur í bandýdeildinni. Við höfum misst hluta af kjarnanum okkar úr bænum vegna náms, meiðsla ofl. Þessa dagana erum við á milli 8 – 12 manns að mæta á æfingar sem er algjört lágmark. Því langar mig að segja hér að við tökum vel á móti öllum sem hafa einhvern áhuga á því að mæta og prófa. Við erum með æfingar á þriðjudögum kl. 21:00 og föstudögum kl. 19:00 í höllinni. Allir velkomnir, en mælum með því að viðkomandi hafi náð 15 ára aldri.

Jólakveðjur, Jón Ingi Sveinbjörnsson



Skokki

Hlaupahópurinn Skokki var vel virkur á árinu eins og venjulega. Fastar æfingar voru tvisvar í viku og féll æfing nær aldrei niður enda þótt öll veðurafbrigði hafi verið til staðar á þessum dögum.

Pó má segja að hver og einn meðlimur hafi æft eilítið meira á sínum vegum í ár en árið 2017 þar sem engin hópferð var farin á vegum hlaupahópsins hvorki erlendis né innanlands. Jón Friðrik Einarsson hljóp heilt maraþon í Reykjavíkumaraþoni og var hann því á fullri ferð um sumarið í undirbúningi. Ágúst Sigurður Óskarsson var þrælduglegur að vanda en hann og Anna Halldóra dóttir hans hlupu Laugavegin í júlí sem er heilir 55 km! Þau voru aftur á ferðinni í Lissabon í október hvar Ágúst hljóp hálf tónn maraþon en Anna heilt maraþon á glæsilegum tíma. Utanvegahlaup voru að vanda í hávegum höfð yfir sumartímamann. Dæmi voru um æfingar í Tunguheiði og í fjallgörðum nærsamfélagsins. Afrakstur erfiðisins var svo notaður í hverskonar utanvegakeppnir. Þannig fór Hólmgeir Hreinsson í Jökulsárhlaupið auk þess sem hann hljóp hið erfiða Dyrfjallahlaup við Borgarfjörð Eystri ásamt Heiðari Halldórssyni en hinn síðarnefndi tók einnig þátt í Snæfellsjökulshlaupinu.

Heilt yfir má segja að samæfingarnar hjá hópnum hafi tryggt meðlimum góða stöðu meðal jafninga, eða alla jafna sæti í efsta þriðjungnum.

Hlaupahópurinn Skokki heldur tvö hlaup árlega, Botnsvatnshlaupið á Mærudögum og Gamlárshlaupið. Báðir viðburðirnir hafa skipað sér fastan sess og eru vinsælir.

Sumarsólstöðuhlaup Völsungs sló í gegn - samhugur í verki

Þann 21. júní síðastliðinn fór Sumarsólstöðuhlaup Völsungs fram í annað skipti. Aðalstjórn Völsungs hafði yfirumsjón með hlaupinu. Árið 2017 var gerð tilraun til að hafa almenningshlaup á sumarsólstöðunum líkt og gert er í Reykjavík. Þótti tilraunin heppnast það vel að ómögulegt væri annað en að endurtaka leikinn að ári. Fljótlega kom upp sú hugmynd að tengja hlaupið einhverju góðu málefni og láta innkomu hlaupsins renna óskipta til þess málefnis. Ákveðið var að styrkja Ívar Hrafn Baldursson sem hefur glímt við erfið veikindi frá fæðingu með tilheyrandi tilkostnaði og vinnutapi foreldra hans. Til að auka líkurnar á góðri þátttöku meðal allra aldurshópa voru þrjár vegalengdir í boði 3,3 km, 8,3 km og 13,3 km. Um leið var ákveðið að búa til nýja hlaupaleið og láta hlaupið byrja upp við Botnsvatn en enda niður á íþróttavelli eftir hlaup á skógarstígunum svokallaða. Hlaupið var svo auglýst í staðarmiðlum auk þess sem hægt var að skrá sig gegnum hlaup.is.

Það má með sanni segja að þessi viðburður hafi slegið í gegn. Samtals voru 178 einstaklingar skráðir til leiks í vegalengdunum þremur. Hafa má fyrir vísit að sjaldan ef þá einhvern tímamót í sögu Völsungs hafi verið haldinn fjölmennari einstaklingsíþróttaviðburður!



Þátttakendur nutu veitinga í markinu að hlaupi loknu og höfðu aukin heldur þess kost að fara ókeypis í sundlaug Húsavíkur. Kvöldinu var svo slitið með verðlaunaafhendingu uppi í vallahúsi. Meðlimir UFA Eyrarskókk sem fjölmenntu í hlaupið áttu þó nokkur sæti á palli en heimamenn og nærsveitingar einnig. Almenn ánægja ríkti með viðburðinn í heild sinni sem sýndi í senn mikinn samhug og náungakærleik en einnig góðan íþróttanda og keppnisskap. Verður vonandi haldið af stað í þriðja Sumarsólstöðuhlaupið sumarið 2019.

Heiðar Hrafn Halldórsson





Borgaðu með símanum í næsta posa

Sæktu kortaappið og tengdu kreditkortið þitt.
Þú borgar snertilaust í posum um allan heim
með Android.

Ánægðustu viðskiptavinir í bankapjónustu 5 ár í röð.



Sumarskóli Völsungs

Sumarskólinn fór fram að venju í sumar og var hann með nokkuð hefðbundnu sniði. 20-30 krakkar voru skráðir í hverri viku og byrjuðum við daginn uppi í vallarhúsi.

Í sumar voru fjórir aðstoðarmenn, þau Marta, Brynja, Ólöf og Tryggvi og stóðu þau sig frábærlega enda öll reynsluboltar í Sumarskólanum.

Þetta sumarið ákváðum við að hafa dagskrá hvers dags opna og aldrei alveg niður njörvaða, heldur spiluðum við eftir eyranu hvernig veðrið, krakkarnir og stemningin á mannskapnum var. Voru krakkarnir þá mjög duglegir að eiga frumkvæði og finna það sem þá langaði að gera. Einnig komu skipulagðir dagar þar sem við skelltum okkur á hestbak, skoðuðum lögreglustöðina, skógarferð, fórum í fjöruferð og margt fleira skemmtilegt. Einnig vorum við dugleg að fara inn í höllina þegar veðurguðirnir voru með leiðindi.

Umsjónarmenn sumarskólans í sumar voru Ágúst Þór Brynjarsson, Edith Ósk Sigurjónsdóttir og Guðrún Einarsdóttir.

Jólakveðjur Ágúst Þór Brynjarsson



Handbolti

Handboltinn á Húsavík hefur verið á undanhaldi, því miður.

Undanfarið hefur verið einn hópur að æfa en hann hefur haldist sterkur og hefur verið að stækka undanfarið. Þetta er flottur hópur af krökkum fæddum 2010 og 2011. Þau hafa flest verið að æfa frá því í 1. bekk og eru núna komin í 2. & 3. bekk. Þau hafa staðið sig frábærlega á æfingum og Norðurlandsmótunum sem við höfum verið að keppa á. Við höfum verið í samstarfi við Þór og KA síðastliðin ár, að halda Norðurlandsmót fyrir 8. & 7. flokk sem hefur gengið mjög vel. Þessi mót hafa hjálpað okkur að hafa að einhverju að stefna og ástæður til að bæta okkur fyrir hvert mót.

Jólakveðja fyrir hönd handknattleiksdeildar, Heiða Elín



Minningarbrot Jóa Sig úr boltanum

Að míga á félagi sinn á hliðarlínunni í Eyjum!

Sögunefnd Völsungs hefur verið að safna heimildum úr starfi félagsins undanfarin ár. Sem dæmi má nefna að búið er að taka viðtöl við um 30 Völsunga úr öllum deildum félagsins á ýmsum aldri, af báðum kynjum. Þessi viðtöl verða notuð þegar 100 ára saga félagsins verður rituð. Hér birtum við smá bít úr viðtali við Jóhannes Sigurjónsson ritstjóra Skarps en Jói er sennilega fyrsti leikmaður Völsungs í knattspyrnu sem lék á erlendri grundu, með hinum merka félagi SÍF.

Viðtalið tók Guðmundur Friðbjarnarson en hann tók flest af þessum 30 viðtölum. Spurt var um eftirminnilegt atvik í leik á ferlinum:

„Þetta gerðist í Vestmannaeyjum 1974 og atvikið vissulega einstakt sem ég varð vitni að, en mig minnti reyndar lengi að þetta hefði átt sér stað í leik á Siglufirði! Þetta var í 8 liða úrslitum Bikarsins, Völsungar í 2. deild gegn ÍBV sem var ofarlega í efstu deild og við unnum 2-0, einhver fræknasti sigur í sögu félagsins. Ég varð fyrir vinnuslysi að morgni leikdags og gat ekki spilað en flaug með félögum til Eyja (í gamla Beechcraft sem var hrörlegasta flygildi flugflotans á Íslandi) sem andlegur stuðningsmaður og hvatti frá hliðarlínu ásamt hópi Húsvíkinga sem voru mættir.

Tapið fór ógurlega í taugarnar á heimamönnum, rútan okkar var m.a. grýtt eftir leikinn. Við vorum bara einhverjir drullusveitalúðar sem voru mættir og þeir töffarnir ætluðu sko að valta yfir okkur og burstu.

Við Húsvíkingar stöndum þarna nokkrir í hóp skammt frá hliðarlínu og erum að miðvörður ganga af velli í Eyjum eftir glæsilegan sigur gegn ÍBV sem kom Völsungi í undanúrslit í Bikarnum 1974. MYND: JS

afsiðis heldur snéri sér við í röðinni, með bakið í völinn og mé ógurlega eins og sjálfur Búðararfossinn væri mættur til Eyja. Þegar svo gríðarleg öskur brustu út og ljóst að eitthvað var að gerast, snéri Viddi upp á hálsinn í miðri þvaglosun, en gáði ekki því að skrokkurinn snérist líka þannig að hann meig einfaldlega utan í næsta mann sem var að mig minnir Alli Jói (eldri) þannig að buxaskálm hans vöknadi nokkuð – en Alli bar ekki varanlegan skaða af. Sem sé, einstakt atvik úr eftirminnilegum leik.“ Sagði Jói Sig. IF



EINAR HELGASON ÞJÁLFARI OG GUÐMUNDUR JÓNSSON MIÐVÖRÐUR GANGA AF VELLI Í EYJUM EFTIR GLÆSILEGAN SIGUR GEGN ÍBV SEM KOM VÖLSUNGI Í UNÐANÚRSLIT Í BIKARNUM 1974. MYND: JS



Völsungsvörurnar frá JAKO
fást í Skóbúð Húsavíkur


Heimabakarí óskar
Völsungum
sem og öðrum
Þingeyingum
gleðilegra jóla

Þökkum viðskiptin
á liðnu ári!



JÓLAKVEÐJA HÚSASMÍÐJAN í heimabyggð

Vallholtsvegi 8 Húsavík 525 3950



HÚSASMÍÐJAN

Boccia

Starf Bocciadeildar Völsungs 2018.

Enn er komið að því að skrifa í Jólblað Völsungs og segja frá því helsta úr starfi bocciadeildarinnar á starfsári 2018 sem er það 29. frá stofnun.

Æfingar og þjálfun eru nokkuð með hefðbundnu sniði, þjálfarar eru Rannveig Þórðardóttir og Kristján Valur, eins og áður hlaupa stjórnarmenn í skarðið og aðstoða eftir þörfum.

Æfingar hjá fötluðum eru tvisvar í viku í stóra salnum og er mæting og ástundun góð, þá eru iðkendur milli 30 og 40 hjá eldri borgurum.

Að venju sendi bocciadeild Völsungs myndarlegan hóp keppenda á öll helstu mót sem voru í boði og haldin eru á vegum ÍF. Fyrsta mót ársins var að venju Opna Húsavíkurmótið í boccia sem haldið var 25. febrúar hið 29. frá upphafi og er fastur liður í starfi bocciadeildarinnar með góðum stuðningi Kiwanisklúbbsins Skjálfanda, sem annast alla dómgæslu og merkingu valla.

Til leiks mættu 34 lið, eins og á alvörumótum var fyrirkomulag þannig að fyrst var riðlakeppni, undanriðlar, milliriðlar og svo úrslit um sæti og öll liðin átta sem komust í úrslit hlutu vegleg verðlaun frá eftirtöldum fyrirtækjum sem styrktu mótið, Norðlenska, Háriðjan, verslunin Salvía, Skóbúð Húsavíkur, Olís, Íslandspóstur, Leikfélag Húsavíkur og Nói Sirius. Er þessum aðilum öllum þakkað fyrir stuðninginn. Húsavíkumeistararnir í boccia 2018 urðu „Öræfabræður“, Ásgrímur Sigurðsson og Kristján Valur Gunnarsson, og hlutu að launum glæsilegan farandbikar sem gefinn var á sínum tíma af Norðlenska ehf og nú keppt um í sjötta sinn.

Einnig var afhentur „Hvatningabikar ÍF“ sem hinn öflugi bocciamaður Sverrir Sigurðsson hlaut að þessu sinni. Bikarinn er farandbikar gefinn af Íþróttasambandi fatlaðra og veittur árlega þeim einstaklingi sem að mati stjórnar bocciadeildar og þjálfara sýnir bestu ástundun, eljusemi í starfi og góðar framfarir.

Mótið tókst í alla staði vel, mikil stemming og mikill fjöldi gesta kom í Íþróttahöllina.

Þá var komið að Íslandsmótiinu í liðakeppni sem haldið var í Laugardalshöllinni 14.-15. apríl. Um 20 manns fóru á vegum bocciadeildarinnar og að venju farið suður á hópferðabil frá Fjallasýn.

Völsungar áttu tvær sveitir í 3. deild, eina í 2. deild og tvær sveitir í 1. deild. Árangur allra sveitanna var góður og allir afskaplega sælir og gladdir með gengi okkar fólks á mótinu þó ekki tækist að komast alla leið á pall.

Í lok móts var svo að venju veglegt lokahóf í Gullhömrum þar sem menn nutu góðra veitinga, skemmtiatriða og dansað fram eftir kvöldi af miklu fjöri.

Næst var það hið árlega Hængsmót á Akureyri sem fór fram 27. - 28. apríl. Keppt var bæði í einstaklings- og sveitakeppni og kepptu Völsungar í hvorutveggja með sex sveitir og 17 í einstaklingskeppni. Árangur var góður þó ekki næðust verðlaunasæti. Á laugardagskvöldinu var síðan mjög veglegt lokahóf að vanda með veislumat, lifandi tónlist og ýmsum glæsilegum uppákomum í Íþróttahöllinni.

Fyrsta mót haustsins var svo hið árlega „Íslandsmót“ í einstaklingskeppni, sem að þessu sinni var haldið í Vestmannaeyjum 6. -7. október. Það var glaðlegur hópur sem hélt af stað á snemma á föstudagsmorgunn 5. okt. í rútu frá Fjallasýn, með í ferð voru 20 frá bocciadeild Völsungs og tveir vinir okkar úr Viljanum á Seyðisfirði. Til Landeyjarhafnar var komið síðdegis og Herjólfur tekinn til Eyja en mótið hófst á föstudagskvöldið með glæsilegri setningarhátíð að hætti þeirra Eyjamanna en mótshaldari var Íþróttafélagið Ægir í Vestmannaeyjum.

Keppt var í sex deildum í almennum flokki fatlaðra, fötlunarflokki BC1-4 og í rennuflokki. Keppt var á laugardag og sunnudag, voru það langir og strangir keppnis dagar, fyrst riðlakeppni og svo úrslit á sunnudag. Að keppni lokinni fór svo fram verðlaunaafhending í öllum deildum og flokkum og um kvöldið var mjög veglegt lokahóf að hætti Eyjamanna og dansað langt frameftir. Þessir dagar í Vestmannaeyjum voru meiriháttar, allur aðbúnaður og mótshald til fyrirmyndar og allir skemmtu sér frábærlega.

Næsta verkefni er svo ferð á Sauðárkrók 8. des. n.k. en þar verður Norðurlandsmótið haldið að þessu sinni og mæta Völsungar með fjölmennt lið að venju, einnig lið frá eldri borgurum.

Til að bocciadeild Völsungs geti starfað eðlilega þarf öflugt bakland og fjölda sjálfbodaliða. Frumkvöðlarnir sem nú hafa starfað með deildinni frá upphafi eru að fullorðnast og komið að endurnýjun. Því auglýsum við eftir nýju fólki og fleiri sjálfbodaliðum og áhugasömu fólki til að taka við merkinu og vinna með frábæru fólki og efla enn frekar íþróttastarf fatlaðra í Völsungi.

Vill bocciadeild Völsungs um leið og þakkað er fyrir liðið ár koma á framfæri bestu kveðjum og þökkum til allra sem stutt hafa deildina dyggilega á liðnu starfsári.

**Gleðileg jól, og farsælt komandi ár.
f.h. bocciadeild ÍFV/Egill Olgeirsson**



ÞAD VAR HART EN DRENGILEGA BARIST Í ÚRSLITALEIKNUM MILLI ÖRÆFABRÆÐRA OG MEISTARANNA FRÁ TRÉSMÍÐJUNNI REIN.

Skíðaganga

Hin árlega Buck-Orkuganga skíðagöngudeildar Völsungs var haldin 14. apríl 2018. Gangan hér er ein af sex Íslandgöngum SKÍ, sem ætlaðar eru hinu almenna skíðagöngufólki. Húsvíkingar hafa haldið þessa göngu síðan árið 2006, uppi á Reykjaheiði, frá Kröflu niður á Húsavík og einnig í Aðaldalshrauni þegar flytja þurfti gönguna þangað vegna veðurs.

Þátttakendur þetta árið voru rúmlega 70 og tókst gangan mjög vel, en gengið er nú orðið frá Þeistareykjum niður á svæði félagsins á Reykjaheiði um 25 km leið. Mjög skemmtileg leið og ekki of krefjandi með tilliti til þess að hið almenna skíðagöngufólk ráði vel við gönguna. Einnig hefur verið boðið uppá 10 km göngu sem startað er við Höfuðreiðarmúla og 3 km hringur niður við skíðaskálann. Næsta ganga verður svo væntanlega 13. apríl 2019 og viljum við hvetja allt skíðagöngufólk á svæðinu að mæta og ganga þessa frábæru skíðagöngu.



Skíðagöngudeild Völsungs

Við óskum Húsvíkingum gleðilegrar hátíðar

Hallgrímur Jónsson
lögmaður

Hallgrímur Jónsson lögmaður Pacta á Húsavík veitir Húsvíkingum og Þingeyingum öllum almenna lögfræðiráðgjöf og þjónustu. Skrifstofan okkar er að Garðarsbraut 26, Framsýnarhúsinu, 2. hæð og opnunartími frá kl. 8 til 16 alla virka daga.

Hjá Pacta lögmonnum starfa yfir 30 lögfræðingar og lögmenn á 15 starfsstöðvum víða um land. Pacta veitir einstaklingum, fyrirtækjum, sveitarfélögum og stofnunum alhliða lögfræðiþjónustu og ráðgjöf.

■ Hafðu samband við Hallgrím í síma 440 7900 og 789 2160
eða á netfangið hallgrimur@pacta.is

PACTA
L Ö G M E N N

ÍPRÓTTASKÓLI VÖLSUNGS

Íþróttaskóli Völsungs er fyrir börn á aldrinum 1 og hálfis árs fram á fimmta aldursár. Hópnum hefur verið aldursskipt í tvo hópa og hvor hópur um sig haft 50 mínútna tíma. Í vetur sem og síðasta vetur höfum við verið að vinna með að auka almenna hreyfifærni barnanna og samhæfingu augna og útlíma. Börnin hafa verið mjög dugleg að taka þátt í öllum þeim æfingum og leikjum sem við setjum upp fyrir þau en sem dæmi má nefna æfingar með blöðrur, bolta, húllahringi, grjónapoka og fleira.

Þrautbrautin hefur verið langvinsælust, en trampólínin og fallhlífin fylgja fast á eftir. Börnin hafa sýnt miklar framfarir í hreyfigetu, samhæfingu og að fylgja fyrirmælum, eftir aðeins nokkur skipti í íþróttaskólanum.

Við hlökkum til að sjá börnin aftur eftir áramót í fleiri leikjum og æfingum!



Jóla Svein, Ísak Már og Anna Björg

Bardagaíþróttadeild

Árið hjá okkur í bardagaíþróttadeildinni hefur gengið mjög vel, margir nýir iðkendur og mikill fjöldi sem hefur komið og prófað taekwondo. Iðkendafjöldi okkar fór mest í 35 árinu og hafa aldrei verið fleiri að æfa taekwondo á Húsavík.

Deildin sendi sinn fyrsta keppanda á Íslandsmótið í taekwondo sem var haldið í Bardagahöll Reykjanesbæjar þann 17. mars sl. Arnildur Hrönn Annýjardóttir keppti fyrir hönd Völsungs og hafnaði hún í 2. sæti eftir skemmtilegan og fjörugan bardaga við stelpu frá íþróttafélaginu Fram.

Beltaprófið okkar var á sínum stað í maí og var haldið ásamt krökkum frá íþróttafélaginu Þór Akureyri. Einn nemandi hjá Völsung, Marcin Florczyk, tók sitt síðasta litaða belti í því prófi, það tíunda í röðinni en hann stefnir á að taka sitt fyrsta svarta belti sumarið 2019. Svartbeltisprófið hans verður haldið í júní í Mudo Gym Kópavogi.

Framtíð deildarinnar er frekar óráðin fyrir komandi haustönn 2019 þar sem yfirþjálfari deildarinnar er að flytja úr landi en stjórn deildarinnar mun gera allt sitt besta til þess að deildin geti starfað áfram.



Trusti Már Valgeirsson

Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



HÖFÐAVÉLAR ehf.

Óskum Húsvíkingum og
Þingeyingum gleðilegra
jóna og farsæls
komandi árs.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Óskum iðkendum
okkar og Völsungum
nær og fjær gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.



META BOLIC
- Markviss árangur -

Gleðileg jól
farsælt komandi ár.



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



FAGLAUSN

Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu.



Skorum með
þrumuskotum
á nýju ári.



**Jólagjöf
veiðimannsins**

Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



NORÐURVÍK
HÖFÐA - HÚSAVÍK
SÍMNI 464 1279 • GSM 898 8379

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Starfsfólk ÍSFELL
óskar öllum gleðilegra
jóna og farsældar
á komandi ári.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



ÍSFELL
www.isfell.is

Meistaraflokkar í knattspyrnu

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla hóf árið 2018 með þátttöku í Kjarnafæðismótinu. Eftir finan upphafssigur á Leikni Fáskrúðsfríði þurfti liðið að lúta í lægra haldi fyrir KA og Þór áður en rétt var úr kútnum með sigri á Tindastóli. Síðasti leikurinn var því til úrslita um 3. sætið þar sem mætt var Inkasso-liði Magna frá Grenivík og vannst þar góður 2-0 sigur.

Hefðbundið snið var á B-deild Lengjubikarsins þar sem við deildum riðli með nágrönnum okkar á Norður- og Austurlandi í 2. og 3. deild. Þar unnu okkar menn riðilinn eftir ágætis spilamennsku en 2-2 jafntefli í lokaleik gegn Einherja á Húsavíkurvelli 28. mars fer seint í sögubækurnar fyrir annað en að leikurinn skyldi hafa farið fram yfir höfuð með 50 metra á sekúndu á annað markið.

Í undanúrslitum Lengjubikarsins mættum við spræku liði Gróttu en úrslit fengust í vítaspyrnukeppni eftir 2-2 jafntefli. Allir leikmenn sem inná voru fengu að taka spyrnu en úrslit vítakeppinnar urðu 10-9 okkur í vil eftir að Lexi markmaður hafði skorað og svo varið frá markmanni Gróttu í kjölfarið. Úrslitaleikur gegn Aftureldingu vannst svo 4-2 í stórskemmtilegum leik í Mosfellsbæ í apríllök.

Í millitíðinni höfðu strákarnir í liðinu skellt sér í æfingarferð til Spánar, vopnaðir Jóa Þjálfa og Jóni "alt-muligt" Höskuldssyni. Frábærir dagar við frábærar aðstæður þar sem menn æfðu eins og skepnur og styrktu böndin innan hópsins duglega fyrir átök sumarsins. Æskan fékk sér tattú og Bergur reyndi að kenna þeim að keyra í Go-Kartinu. Það fór ekki vel.

Fyrir tímabilið var ljóst að liðið væri örlítið breytt frá fyrra ári, Sæþór Olgeirs reyndi fyrir sér hjá KA og Atli Barkar fór um haustið til Norwich. Eins var ljóst að Gilli og Sverrir, lánstrákarnir af malbikinu, kæmu ekki aftur. Inn í þeirra stað komu markvörðurinn Aron Dagur Birnuson frá KA, Gvamíski Bandaríkjamaðurinn Travis Niklaw og Sænski sviinn Victor Svensson. Sæþór kom svo aftur á lán í júlí og kláraði með okkur tímabilið. Frábær liðsstyrkur í öllum þessum köppum, enda miklir heiðursmenn.

Borgunarbikarinn hófst á vordögum og vannst sigur á Tindastól í forkeppninni, 7-1 sigur þar sem sóknarmenn liðsins fóru á kostum. Í 32-liða úrslitum fengum við Fram í heimsókn og eftir hörkuspennandi framlengdan leik töpuðum við 1-2.

2. deildin var feyki skemmtileg og jöfn í allt sumar. Lengi vel voru fimm lið í hatrammri baráttu um sætin tvö sem gáfu þátttöku í Inkasso deildinni og tókum við þátt í henni. Því miður endaði það svo að við gáfum eftir í restina og enduðum við því 4. sæti með 40 stig, 5 stigum frá toppliðunum tveimur.

Á glæsilegu lokahófi meistaraflokkanna var Aron Dagur Birnuson kosinn besti leikmaður liðsins. Ólafur Jóhann Steingrímsson var valinn sá efnilegasti og Halldór Árni Þorgrímsson var leikmaður ársins. Leikmenn, þjálfarar og stjórn höfðu kosningarétt. Leikmaður ársins er sá sem þykir hafa staðið sig vel innan sem utan vallar og alltaf er hægt að stóla á.

2. flokkur karla

Sumarið var skemmtilegt og lærdómsríkt hjá 2. flokki karla. Allir leikmenn flokksins æfa sem hluti af meistaraflokki og hafa þeir bætt sig verulega í krefjandi umhverfi. Strákarnir spiluðu í B-deild eftir að hafa komist upp árinu áður en aðeins þrír leikmenn voru á elsta aldursári flokksins. Mikill stígandi var í spilamennsku liðsins en eftir stórt tap í fyrsta leik gegn Þór gat leiðin aðeins legið upp á við. Strákarnir sýndu agaða frammistöðu oft á tíðum og létu ekki aftur valta yfir sig. Sætir endurkomusigrar og súr svekkjandi töp voru það til skiptis út sumarið. Liðið spilaði 18 leiki í 10 liða deild. Þegar talið var upp úr stigapokanum í lok sumars var óskaniðurstaðan ekki raunveruleikinn. 9. sæti með 16 stig, tveimur stigum frá falli. Liðið sýndi mikla bætingu yfir sumarið og eiga strákarnir að geta nýtt þessa reynslu sína til góðs, enda voru þeir farnir að veita meistaraflokksstrákunum verðuga samkeppni á æfingum, trekk í trekk, undir haust. Besti leikmaður 2. flokks var kjörinn Ólafur Jóhann Steingrímsson. Sá efnilegasti var Stefán Óli Hallgrímsson, markvörðurinn ungi.

Öflugt knattspyrnustarf

Þótt við sjálf segjum frá er ótrúlega öflugt knattspyrnustarf rekið á Húsavík. Metnaðarfullir, öflugir og góðir þjálfarar í hverju rúmi sem skilar sér í góðum leikmönnum upp í meistaraflokkana. Alls tóku 42 leikmenn þátt í verkefnum meistaraflokks karla og kvenna í sumar. Af þessum 42 leikmönnum voru 36 leikmenn uppaldir Völsungar. Eitthvað sem við getum verið gríðarlega stolt af sem Völsungar en gerist samst sem áður ekki af sjálfu sér. Að halda úti metnaðarfullu starfi í knattspyrnu úti á landi eins og hjá okkur hér á Húsavík kostar vinnu og fjármuni. Þrátt fyrir að rekstur meistaraflokka Völsungs sé langt undir því sem gengur og gerist annars staðar hvað upphæðir varðar þá eru ferðalögin mikil og mörg og annar kostnaður er óhjákvæmilegur. Við leggjum mikla áherslu á að aðbúnaður, þjálfun og umgjörð sé sem best fyrir leikmennina. Til að starfið gangi sem best er nauðsynlegt að eiga góða að. Stjórn, meistaraflokksráð, styrktaraðilar, sjálfbodaðliðar og aðrir velunnarar knattspyrnunnar gera okkur kleift að halda úti þessu eftirtektarverða starfi. Því ber að koma á framfæri kærum þökkum til allra sem á einhvern hátt lögðu hönd á plóg og aðstoðuðu við að starfrækja flottu liðin okkar hér á Húsavík.

Meistaraflokkur kvenna



Á síðasta tímabili tóku stelpurnar í meistaraflokki kvenna þátt í Lengjubikarnum, Mjólkurbikarnum og í Íslandsmótinu í 2. deild.

Lengjubikarinn fer fram á undirbúningstímabilinu og stóðu þær sig vel þar. Enduðu í öðru sæti í sínum riðli og fóru í undanúrslit. Þar töpuðu þær naumlega fyrir Keflavík sem urðu svo lengjubikarmeistarar í C deild.

Bikarkeppnin fór hins vegar ekki vel en þar datt liðið út í fyrstu umferð. Á Íslandsmótinu enduðu þær svo í 5. sæti með 22 stig og 25 mörk skoruð. Markahæstar voru Harpa Ásgeirsdóttir og Hulda Ösp Ágústsdóttir með 6 mörk hvor.

Til að byrja með átti liðið ágæta möguleika á að vera í toppbaráttunni en þegar liða fór á mótið var ljóst að þau tvö lið sem fóru svo upp um deild voru með afgerandi forystu. Liðin sem á eftir komu voru hins vegar jafnari og lítil munur á liðunum í 3.- 5. sæti.

Leikmannahópurinn breyttist töluvert frá síðasta tímabili. Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir skipti yfir í Breiðablik, þar sem hún gerði góða hluti í sumar ásamt því að leika með unglíngalandsliðum Íslands. Einnig snéru bandarísku leikmennirnir Kayla Grimsley og Allison Cocran aftur heim.

Við fengum hinsvegar Jóneyju Ósk Sigurjónsdóttur aftur heim en hún hafði leikið með Keflavík áður og þýska markmanninn Nadine Stonjek. Einnig tók Hafrún Olgeirsdóttir fram skóna að nýju og lék með liðinu í fyrstu leikjum sumarsins. Allar reyndust þær góður liðstýrkur.

Hópurinn á síðasta tímabili var fjölbreyttur. Hann var líkt og áður skipaður reynslumiklum leikmönnum í bland við mjög unga leikmenn, allt niður í 3. flokks stelpur sem voru að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokki. Aldursbil yngsta og elsta leikmannsins í sumar voru 17 ár.

Fyrir þetta tímabil var gerður tveggja ára samningur við Írann, John Andrews. John hefur verið að gera góða hluti og það er alveg ljóst að þessi ráðning hefur haft jákvæð áhrif á félagið. Fyrir utan það að þjálfá meistaraflokk kvenna sér hann um styrktarþjálfun hjá báðum meistaraflokkunum ásamt því að þjálfá tvo yngri flokka. Það verður spennandi að vinna með honum aftur á næsta tímabili og við gerum væntingar um að gera enn betur en í ár.



Á lokahófi meistaraflokkanna var Dagbjört Ingvarsdóttir valin besti leikmaður sumarsins, Hulda Ösp Ágústsdóttir efnilegasti leikmaðurinn og Harpa Ásgeirsdóttir leikmaður ársins.

Stelpurnar hefðu vissulega viljað enda ofar í stigatöflunni á Íslandsmótinu og þær stefna klárlega á að gera enn betur á næsta tímabili. Nú á haustdögum voru leikmannamálin skoðuð og er það von okkar að sem flestar frá síðasta sumri haldi áfram.


Við eigum frábærar stelpur hér í Völsungi bæði í meistaraflokki og yngri flokkum sem sinna fótbolthanum af miklum áhuga og krafti. Það verður gaman að fylgjast með meistaraflokki vaxa og dafna á komandi árum.

Að lokum viljum við þakka öllum þeim fjölmörgu sem styrktu liðið á einn eða annan hátt á síðasta tímabili. Hvort sem það var með styrkveitingu eða í sjálfböðavinnu. Án ykkar væri þetta ekki hægt.

Meistaraflokkur og meistaraflokksráð kvenna óskar öllum gleðilegra jóla og vonum að fótoltasumarið 2019 verði Völsungum gott.

**Fyrir hönd meistaraflokksráðs kvenna,
Sóley Sigurðardóttir**

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
Megi framtíðin vera björt.
Þökkum liðnu árin.



Hóll ehf
Höfða 11 - 640 Húsavík
Sími/Fax: 464 2200
e-Mail: holleh@holleh.is
Kt. 620788-1559 - Vsk.nr. 01161
VINNUVÉLAR • VERKTAKAR



PCC Bakki Silicon hf

óskar Völsungum, íbúum

Norðurljóms og landsmönnum

öllum glédilegra jóla og

farsældar á komandi ári.

Þökkum allt líðið og

hlökkum til samstarfs

á komandi árum.